

Fyrir aðrar aukalínur greiðist samkvæmt lið 1.4.

	Kr.
1.1. Breytt letur í skrá, hver lína	350,00
1.2. Aukanafn í skrá, hver sjálfstæð lína eða aukalína og aukaheiti fyrirtækis í stafrófsröð eða sem aukalína, hver lína	350,00
1.3. Aukalínur undir nöfnum einstaklinga og aukalínur undir nöfnum fyrirtækja í samræmi við liði a–g að framan, hver lína	300,00
1.4. Aukalínur undir nöfnum fyrirtækja sem ekki samræmist liðum a–g að framan og línur umfram eina í þeim tilfellum þar sem einnar línu hámark er sett í liðum a–g, hver lína	700,00

2. Skráning í gulu síðurnar.

Hver símnotandi, sem greiðir atvinnu- eða verslunarsímagjald, á rétt á að fá án endurgjalds eina skráningu í einn vöru- eða þjónustuflokk í gulu síðunum. Ef símnotandi vill skrá sig í fleiri en einn flokk greiðast kr. 180,00 fyrir hvern flokk umfram hinn fyrsta. Sama gjald gildir fyrir fleiri en eina skráningu í sama flokk.

3. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að birta auglýsingar í símaskránni samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 73 frá 1984 um fjarskipti sbr. 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar, ásamt áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987, tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 20. nóvember 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 616

27. nóvember 1995

REGLUR

um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um þá krana og þann lyftibúnað sem er í notkun eða verður tekinn í notkun eftir gildistöku reglna þessara og fellur ekki undir gildandi reglur um vélar og tæknilegan búnað. Þeir krana og sá lyftibúnaður sem reglur þessar gilda um er skilgreindur í viðauka I með reglunum.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Þær kröfur sem gerðar eru í reglum þessum um öryggisbúnað eru lágmarkskröfur og því heimilt að nota annan búnað sem að mati Vinnueftirlits ríkisins er jafn góður eða betri.

3. gr.

Grindarbómukranar.

1. Grindarbómukranar skulu vera með vog sem á ótvíræðan hátt gefur stjórnanda kranans til kynna hversu þungri byrði er verið að lyfta eða reyna að lyfta.

2. Á grindarbómukrönum skal vera hallamælir fyrir bómu sem stjórnandi kranans getur auðveldlega lesið af úr stjórnsæti og sjálfvirkur útsláttur á bómuhífingu sem kemur í veg fyrir að bóman verði reist meira en leyfilegt er.

3. Á bómu og framlengingarbómu grindarbómukrana skal vera öryggi sem hindrar að bómur geti farið afturyfir sig.

4. Á grindarbómukrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar hífingu, eða búnaður sem gefur stjórnanda aðvörun með ljós- eða hljóðmerki, áður en krókurinn er kominn of nærri bómuhausnum.

4. gr.

Kranar með skotbómu.

1. Kranar með skotbómu skulu vera með vog sem á ótvíræðan hátt gefur stjórnanda kranans til kynna hversu þungri byrði er verið að lyfta eða reyna að lyfta.

2. Á krönum með skotbómu skal vera hallamælir fyrir bómu og bómulengdarmælir sem stjórnandi kranans getur auðveldlega lesið af úr stjórnsæti.

3. Á krönum með skotbómu skal vera hæðarstopp sem stöðvar hífingu eða búnaður sem gefur stjórnanda aðvörun með ljós- eða hljóðmerki áður en krókur eða blökk er komin of nærri bómuhausnum.

5. gr.

Byggingakranar.

1. Byggingakranar skulu vera með yfiráttaksvörn og vægisrofa sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta með þeim þyngri byrði en leyfilegt er miðað við fjarlægð byrðar frá snúningsmiðju kranans.

2. Í byggingakrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók eða blökk í öruggri fjarlægð frá bómuhausnum eða hlaupaketti kranans og búnaður sem kemur í veg fyrir að vírnum sé slakað of mikið út af vindunni.

3. Byggingakranar, sem eru með breytilegan bómuhalla, skulu vera með sjálfvirka stöðvun fyrir mesta og minnsta leyfilegan halla bómunnar.

4. Byggingakranar sem ganga á braut skulu vera með útsláttarrofa sem stöðvar kranann áður en hann kemur að endastoppi og flautu eða bjöllu sem gefur hljóðmerki þegar kraninn er færður til á brautinni.

6. gr.

Hafnarkranar.

1. Hafnarkranar skulu vera með yfiráttaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Í hafnarkrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók eða blökk í öruggri fjarlægð frá bómuhaus eða vindu kranans.

3. Hafnarkranar sem ganga á braut skulu vera með flautu eða bjöllu sem gefur hljóðmerki þegar kraninn er færður til á brautinni. Brautir, sem hafnarkranar eru á, skulu vera með endastoppi.

7. gr.

Brúkranar, hlaupakettir og taliur.

1. Brúkranar, hlaupakettir og taliur sem eru með lyftigetú 1000 kg og meira, skulu vera með yfiráttaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta með þeim þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Brúkranar, hlaupakettir og taliur sem eru með lyftigetú 1000 kg og meira, skulu vera með hæðarstoppi sem kemur í veg fyrir að hægt sé að hífa krókinn of nærri vindunni og stöðvunarbúnaði sem kemur í veg fyrir að hægt sé að slaka lyftivír eða keðju of mikið út af henni.

3. Eigendur eða umráðamenn brúkrana, hlaupakatta og talía, sem eingöngu eru notaðar við framleiðslustörf, geta sótt um undanþágu frá ákvæðum í 1. mgr. þessarar greinar til Vinnueftirlits ríkisins. Undanþágu má veita fyrir lyftibúnað með allt að 5000 kg lyftigetú. Staðfest skal að hverfandi lítil hætta stafi af notkun búnaðarins án þessa öryggisbúnaðar.

8 gr.

Löndunarkranar.

1. Löndunarkranar skulu vera með yfirátaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Í löndunarkrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók í öruggri fjarlægð frá bómuhausnum.

3. Vindur á löndunarkrönum skulu vera með vélrænum hemlum eða þannig gerðar að byrði geti ekki sigið eða fallið þótt aflfærsla til vindunnar rofni.

9. gr.

Ýmis ákvæði.

1. Á spori fyrir krana sem ganga eftir ákveðinni braut skal vera endastopp sem tryggir að kraninn geti ekki farið útaf enda sporsins. Einnig skal vera búnaður á krananum til að festa hann, sé hætt á að hann renni til á sporinu vegna ytri áhrifa. Séu tvö eða fleiri lyftitæki á sömu braut eða spori skulu vera á þeim nálgunarrofar til að koma í veg fyrir árekstur.

2. Byggingakranar og allir aðrir kranar sem eru með stjórnhúsi skulu vera með flautu.

3. Allir kranar skulu merktir hámarkslyftigetu og aðrir kranar en brúkranar og löndunarkranar skulu vera með greinilega lyftitöflu úr varanlegu efni.

10. gr.

Krókar.

1. Allir krókar sem notaðir eru við hífingar skulu vera með króköryggi eða þannig búnir að ásláttarbúnaður geti ekki losnað úr þeim óvart.

2. Hægt er að veita undanþágu frá ákvæði 1.mgr. þessarar greinar ef staðfest er að hverfandi lítil hættu stafi af notkun búnaðarins án þessa öryggisbúnaðar.

11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öryggisbúnaður sá sem reglur þessar kveða á um skal vera kominn í alla krana og þann lyftibúnað, sem reglurnar gilda um, fyrir 1. apríl 1996.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnuettirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I


Skilgreining hugtaka:

Krani:


Vinnuvél sem getur lyft byrði sem ekki er í stýringum, slakað henni, flutt hana til hliða og að sér og frá.

- Lyftibúnaður:* Vélknúinn lyftibúnaður sem gerður er til að lyfta byrði sem ekki er í stýringum og slaka henni.
- Farandkrani:* Krani sem getur flutt sig til með eigin vélarafl og hefur ekki takmarkaða akstursstefnu.
- Grindarbómukrani:* Farandkrani á hjólum eða beltum með bómu sem sett er saman úr einingum sem byggðar eru upp af langböndum og skástífum.
- Krani með skotbómu:* Farandkrani með bómu sem sett er saman úr einingum sem ganga hver inn í aðra og hægt er að lengja eða stytta með vökvatjökkum.
- Byggingakrani:* Staðbundinn krani eða krani á braut sem er með bómu í fastri stöðu eða með breytanlegum halla.
- Hafnarkrani:* Staðbundinn krani eða krani á spori með meiri lyftigetun en 3.500 kg.
- Brúkrani:* Krani á braut sem getur lyft byrði, slakað, flutt hana til hliðanna og fram og aftur.
- Hlaupaköttur:* Lyftibúnaður á braut sem getur lyft byrði, slakað henni og flutt hana fram og til baka.
- Talía:* Staðbundinn lyftibúnaður sem getur lyft byrði og slakað henni.
- Löndunarkrani:* Staðbundinn krani eða krani á braut sem getur lyft byrði, slakað henni, flutt hana til og er ekki með meiri lyftigetun en 3.499 kg.
- Hallamælir bómu:* Mælir sem sýnir halla kranabómu í gráðum.
- Hæðarstopp:* Búnaður sem stöðvar hífingu á fyrir fram ákveðnum stað.
- Endastopp:* Búnaður sem stöðvar færslu krana eða lyftibúnaðar eftir braut eða spori.
- Bómulengdarmælir:* Mælir sem gefur til kynna lengd bómu á hverjum tíma.
- Bómuhaus:* Fremsti hluti kranabómu.
- Framlengingarbóma:* Aukabóma sem notuð er til að framlengja aðalbómu.
- Skotbóma:* Kranabóma sem sett er saman úr einingum sem geta gengið hver inn í aðra.
- Vægi:* Margfeldi af armi og þyngd. Þegar fjallað er um krana er vægi gefið upp í tonn x metrar, skammstafað tm.
- Vægisrofi:* Rofi sem skynjar vægi og stöðvar aðgerðir sem auka vægi.
- Útsláttur:* Búnaður sem takmarkar ákveðnar aðgerðir með því að stöðva á fyrir fram ákveðnum mörkum.
- Lyftitafla:* Tafla sem gefur til kynna hámarkslyftigetun við mismunandi lengd á bómu og halla hennar.
- Yfirátaksvörn:* Öryggisbúnaður sem annaðhvort tekur völd af stjórnanda krana þannig að hann getur ekki framkvæmt neinar aðgerðir sem auka átak á kranann, eða gefa honum ljós- eða hljóðmerki um að ekki megi auka átak á hann.
- Nálgunarrofar:* Rofar sem stöðva brautarfærslu krana eða hægja mjög á henni þegar hann er kominn í ákveðna fjarlægð frá öðrum krana eða ákveðnum punkti.
- Ásláttarbúnaður:* Stroffur eða annar búnaður sem notaður er til að lyfta vöru og tengja hana við krók kranans.
- Króköryggi:* Öryggisbúnaður á lyftikrók, sem koma á í veg fyrir að ásláttarbúnaður geti losnað úr honum fyrir vangá.
- Vinda:* Vélknúinn búnaður sem snýr strengjum upp á sig og rekur þá út af sér.
- Snúningsmiðja:* Hugsaður ás sem krani snýst um.


VIÐAUKI II
Skilgreining á krönum og lyftibúnaði.
Skýringarmyndir:





Grindarbómukrani




Krani með skotbómu




Byggingarkranar




Hafnarkrani



Hlaupaköttur



Brúkrani



Löndunarkrani